

Kæru nýju foreldrar.

Aðlögunarplanið okkar hefur virkað afskaplega vel hjá okkur og viljum við eftir fremsta megni fara eftir því. Það gæti komið ykkur undarlega fyrir sjónir hve stuttir fyrstu tveir dagarnir eru, því börnin ná ekkert að leika þessa daga. Ástæðan er einfaldlega sú að þetta er feikinóg fyrir þau. Það er stórt að mæta í nýjar aðstæður, með nýju fólki og börnum. Þegar þau eru búin að upplifa öll börnin og okkur kennarana í tvo daga án þess að leika eru þau venjulega mjög tilbúin að leika og þola smá aðskilnað.

Mörg vilja leika strax frá fyrsta degi og gætu neitað að fara. Ekki láta ykkur bregða við það, það er mjög gott merki! En við látum ekki eftir þeim að vera lengur eða vorkennum þeim það að þurfa að fara. Það er mikilvægt að við fullorðna fólkið ákveðum hvenær þau koma eða fara. Þetta þýðir að þau verða enn tilbúnari til að leika á miðvikudeginum og tilbúnari til að kveðja foreldrið sitt. Svona stutt viðvera fyrstu tvo dagana er nóg áreiti í bili og börnin fá tíma til að melta og hlakka til að koma aftur.

Best er ef annað foreldrið sér alfarið um aðlögunarvikuna. Við mælum með því að það sé það foreldrið sem á auðveldara með að kveðja barnið sitt ;)

Varðandi viðkvæmu börnin: Ef fyrsta kveðjustundin dregst á langinn og þið finnið að þetta endar með gráti þá er best fyrir börnin (og ykkur) að þið kveðjið BARA einu sinni enn og segist vera að fara í smá stund. Réttið okkur barnið og farið út án frekari vafninga. Því meiri innri ró og traust til okkar í ykkar sinni, því betra fyrir barnið. Við viljum aldrei taka börn af foreldrum sínum, það eru ekki réttu skilaboðin. Það að þið réttið okkur barnið sýnir því að þið leggið traust á okkur. Og þá er barnið miklu fljótara sjálft að jafna sig, kynnast okkur og læra að treysta okkur. Ef þetta verður raunin þá höfum við alltaf samband þegar barnið er hætt að gráta, svo þið fáið róna líka :)

Kær kveðja,
Yljurnar.

P.s. Ef einhverjar fyrirspurnir eru þá má senda okkur línu: ylur@waldorfskolinn.is

Dear new parents.

Our adaptation plan has worked very well for us and we want to stick to it as much as possible. You may find it strange how short the first two days are, because the children don't get to play these days. The reason is simply that it is a big experience for them, even though it doesn't necessarily seem that way. It is big to show up in new situations, with new people and other children. Once they have experienced all the children and us teachers for two days without playing, they are usually very ready to play and can tolerate some separation.

Many want to play from day one and may refuse to go. That is a very good sign. But we don't let them stay any longer or pity them for having to go. It is important that we adults decide when they come or go. This means they will be even more ready to play on Wednesday and more ready to say goodbye to their parent. Such a short presence for the first two days is enough stimulus for now and the children have time to digest and get a opportunity to look forward to coming back.

It is best if one of the parent takes care of the adjustment week entirely. We recommend that it is the parent who finds it easier to say goodbye to their child ;)

Regarding the sensitive children: If the first goodbye takes a long time and you sense that it will end in tears, it is best for the children (and you) that you say goodbye ONE last time and say you are leaving for a short time and then you will be back. Hand us the child and leave without further ado. The more trust you show in us, the better for the child. We never want to take children away from their parents, that is not the right message. The fact that you hand over the child to us shows that you trust us. And then the child recovers much faster, gets to know us and learns to trust us. When this happens, we will always contact you by phone when the child stops crying, so you can calm down too :)

We are very much looking forward to meeting you.

Kind regards,

Yljurnar. (The staff in Ylur).

If there are any questions you can write us: ylur@waldorfskolinn.is